

þillu

G-1

ORKUSTOFNUN

NATURALAFN

464.2

G R U N D A R T A N G I

Umsögn um lindir við Tungu

Þórólfur H. Hafstað

Árni Hjartarson OSJKD7703

OS-JKD-7703
Mars 1977

E f n i

| | bls. | 1 |
|------------------------------|------|---|
| Jarðvatn | " | 2 |
| Berggrunnur | " | 2 |
| Laus jarðlög | " | 3 |
| Uppsprettur hjá Tungu | " | 5 |
| Virkjun og verndun | " | 5 |
| Aðrir vatnsvinnslumöguleikar | " | 5 |
| Súluáreyrar | " | 5 |
| Framhlaup hjá Efra-Skarði | " | 6 |
| Lokaorð | | |

English summary

Rennslismælingar í Svartalæk

Efnagreining á vatninu

Gerlaprófun

Kort yfir laus jarðlög í Svinadalsmynni

J A R Ð V A T N

Úrkoma, sem á land fellur rennur ýmist af í ám og lækjum, gufar upp á ný eða sigur niður í jarðveg og berggrunn og streymir hægum straumi neðan- jarðar frá hærri stöðum til lægri sem jarðvatn. Gerð jarðlaga og veðurfar ráða því hversu stór hver þessara þátta er. Neðan vissra marka eru jarð- löginn gegnsósa af vatni. Við þessi mörk liggur jarðvatnsflöturinn. Þétt- leiki jarðlaganna ræður því hversu mikill hluti úrkomunnar sigur miður og hve hratt jarðvatnið streymir fram. Þar sem jarðvatnsborðið sker yfirborð jarðar koma fram lindir.

Berggrunnur Íslands er mjög misvel vatnsleiðandi. Hið unga berg á gosbeltum landsins leiðir jarðvatnið vel. Í eldri hlutum landsins er bergið illa vatns- leiðandi. Berggrunnur þeirra svæða sem um er fjallað í þessari skýrslu er illa vatnsleiðandi. Á slikum svæðum á jarðvatnsstreymið sér aðallega stað i lausum yfirborðsjarðlögmum. Vatnafræðilegir eiginleikar lausra jarðlaga eru mjög mímunandi eftir uppruna þeirra og gerð. Kornastærðarsamsetning þeirra er þó það sem mestu ræður.

Þeir þættir, sem mikilvægast er að þekkja, þegar segja skal fyrir um hegðun vatnsleiðni jarðlaganna, grunnvatns og uppsprettulinda og gæði vatnsins eru: Vatnsleiðni jarðlaganna, vatnsrýmd, síunarhæfni og miðlunareiginleikar.

Vatnsleiðni: því grófara sem efnið er þeim mun betri er leiðin.

Vatnsrýmd: því finna sem efnið er því meira yatr rúmast í jarðlaginu.

Síun: því finna sem efnið er því betra sigtri er það.

Miðlun: því finna sem efnið er þeim mun meiri er miðlunarhæfni þess.

A þessu sést að heppilegasta kornastærðin er einhverskonar millistærð þar sem saman fara hæfileg vatnsleiðni annars vegar og góð síun og miðlun hins vegar.

Þykkt og vatnasvið hinna lausu jarðlaga eru einnig afgerandi þættir í vatnafari þeirra.

BERGGRUNNUR

Berggrunnurinn milli Hvalfjarðar og Borgarfjarðar er að mestu frá síðertierum tímá. í Akrafjalli og nágrenni þess er þetta berg einkum basalt. í Hafnartíma. fíljalli og Ölver eru djúpbergsinnskot og líparít í Skarðsheiðinni. Bergið er viðast mjög holufyllt og þétt. Vatnsgengni þess er sára litil. Jarðlagahallinn er til suðausturs.

LAUS JARÐLÖG

í Mela- og Leirársveit eru viðáttumikil og þykk jarðlög frá isaldarlokum og Nútíma miðað við það sem gengur og gerist á Íslandi.

LEIR. Efnismest og þykkust þessara lausu jarðlaga eru leirlög mynduð í sjó Fiskilæk, Baugamel. Þykk malarlaganna er all breytileg þykkust eru þau i Skorrholtsmelum þar skiptir hún tugum metra utan melanna eru þau mun 2-3 m. Malarlög þessi eru að uppruna til áreyrar og að mestu til orðin í isaldarlok, þegar leysing jöklar stóð sem hæst og allar ár beljuðu fram kolmórauðar og hlaðnar framburði.

MÖL. Vel vatnsleiðandi sand og malarlög liggja viðast ofan á leirnum og á mörkum malarinnar og leirsins eru gjarnan lindir s.s. við Geldingaá, Fiskilæk, Baugamel. Þykk malarlaganna er all breytileg þykkust eru þau i Skorrholtsmelum þar skiptir hún tugum metra utan melanna eru þau mun 2-3 m. Malarlög þessi eru að uppruna til áreyrar og að mestu til orðin í isaldarlok, þegar leysing jöklar stóð sem hæst og allar ár beljuðu fram kolmórauðar og hlaðnar framburði.

JÖKULGARDAR: Miklir jökulgarðar frá jöklum síðjökultímans setja svip sinn á landslag Melasveitar. Skorrholtsmelar eru þeirra mestir, ganga í samfelldri röð, stundum tvöfaldir og prefaldir, ofan frá Ölver og niður undir Skorrholt, 5 km leið. Þeir risa hæst í Sjónarhóli um 40 m upp yfir landið í kring. Þeir virka sem miðlunargeymar vatns fyrir Fiskilæk og Geldingaá.

Lambhagamelar eru e.t.v. myndaðir á svipaðan hátt og Skorrholtsmelar. Í þeim er ekkert vatn að fá sem heitið getur.

MALARHJALLAR: Í ísaldarlokin stóð sjór mun herra við strendur landsins en hann gerir nú. Þá mynduðust viða malarhjallar við sjóinn sem nú getur að líta í 50-100 m y.s. hér og þar við Hvalfjörð og Borgarfjörð. Viðast hvar eru þessir fornu hjallar of efnislitlir til að geta þjónað sem vatnsforðabúr. Lindir norðan í Akranfjalli teljast þar þó til undantekninga. Þær nærast af jarðvatni, sem situr í gömlum malarhjöllum.

ÁRKEILUR: Ár, sem koma úr hangandi eða bröttum döllum og lækir úr giljum mynda oft miklar malarkeilur í dalsmynnnum og gilkjöftum. Keilur þessar eru vel vatnsleiðandi. Algengt er að árnar hverfi í þessar keilur sínar að einhverju eða öllu leyti og renna í þeim neðanjarðar einhvern spöl en koma svo fram á ný í lindum neðar í keilunni. Í Svinadal eru margar slikein árkeilur t.d. framan við Súludal, og Grjótárdal.

FRAMHLAUP: Framhlaup og skriður úr fjöllum geta verið ágætir vatnsleiðarar og forðabúr einkum ef þau eru stór og ekki of smágrýtt. Tvö umtalsverð framhlaup eru ofan við Efra-Skarð og Tungu komin úr Litla-Horni og Skarðshyrnu.

UPPSPRETTUR HJÁ TUNGU

Í Svinadalsmynni norðanverðu stendur bærinn Tunga. Í grónum urðarholtum ofan túns spretta fram vatnsmiklar lindir, kaldar og tærar. Lindasprænurnar sameinast í læk. Sá heitir Svartilækur. Hann fellur í Skarðsá.

Uppi í Skarðsdal í suðvestanverðri Skarðshyrnu er framhlaupsskál. Snemma í nútíma hefur bergfylla hlaupið úr hyrnunni, fram úr dalsmynnini og niður hliðina ofan við Tungu. Fremstu tögl hlaupsins ná niður að bænum.

Samtímis hefur annað framhlaup steypst úr suðaus turhluta Skarðshyrnunnar og hlaupið ofan hliðarnar vestan Skarðsdals. Sér þess merki í urðarhólunum ofan við Efra-Skarð.

Stærð framhlaupsins er 1.25 km^2 . Lengd þess er rúmir 3 km og fallhæð þess 850-900 m. Urðin virðist fremur grófgerð og lek. Engir lækir renna um hana. Hins vegar hefur Skarðsáin grafið sér gil um hana.

Sýnilega lekur talsvert úr ánni út í urðina og á vetrum hverfur hún tiðum öll og allt vatn sem úr Skarðdalnum kemur sigur þar fram neðanjarðar. Þetta vatn sprettur svo fram í lindunum ofan við Tungu.

Skarðsdalur afmarkar vatnsvið Skarðsár og Svartalækjar. Hann er um $5,5 \text{ km}^2$ að flatarmáli og liggur í 300-1000 m y.s. Skv. korti Öddu Báru Sigfúsdóttur er úrkoman á þessu svæði um 1200 mm/ári, en það er lágmarksgildi. Þessi úrkoma svarar til um 210 l/sek. jafnaðarrennslis af þessu svæði. Úrkomusveiflurnar eru hins vegar miklar. Þannig bætist oft langtínum saman á vetrum ekki dropi í grunnvatnið, þegar sem öll úrkoman fellur sem snjór

Vatnsrennsli úr dalnum er að sama skapi sveiflukennt eins og best kemur fram í Skarðsánni sem stundum er nánast þurr að vetri en getur svo í leysingum orðið að skaðræðisfljóti.

Miðlunar og vatnsleiðnieiginleikar urðartungunnar ráða því, hvernig lindir Svartalækjar haga sér. Fyrstu athuganir benda til að urðin hafi allgóða miðlunarhæfileika og jafni úrkomusveiflurnar verulega. Bændur segja lindirnar aldrei þverra og rennsismælingar gefa til kynna tiltölulega tryggt rennsli.

Rennsismælingar úr lindunum hafa ekki staðið í nema einn mánuð. Þær gefa því takmarkaðar upplýsingar um almenna hegðun þeirra. Þó vill svo til að mælitímabilið (febr. '77) fellur saman við mestu lægð sem grunnvatnsborð hér suðvestanlands hefur komist í síðustu áratugi. Mjög líklegt er því að rennsli úr lindunum við Tungu hafi einnig verið í lágmarki á þessum tíma.

Ef þetta er rétt ályktað ættu a.m.k. 30 l/sek rennsli að vera tryggt í öllu venjulegu árferði og jafnvel við óvenjuleg skilyrði eins og veturninn 1976-1977.

VÍRKJUN OG VERNDUN

Við fyrstu sýn virðist eðlilegast að virkja helstu lindaaugun með brunnum, sem síðan yrðu tengdir saman. Alltaf er auðveldast að ná vatni í náttúrulegum uppkomustöðum þess. Ef komast ætti að öllu vatninu með því að grafa ofan lindanna eða bora, er hætt við, að það kostaði all umfangsmiklar aðgerðir.

Nauðsynlegt er, að alfríða nokkuð svæði umhverfis væntanlegt vatnsból, sérstaklega það svæði, sem mest hallar að lindinum. Einnig er æskilegt að trygga, að ekki verði um mannvirkjagerð að ræða á framhlaupinu ofan við, þar sem hætta á mengun vegna jarðrasks er ávallt fyrir hendi og siunarhæfni hinna lausu jarðлага er ekki þekkt til fulls.

AÐRIR VATNSVINNSSLUMÖGULEIKAR Í SVÍNADALSMYNNI

Súluáreyrar

Ef benda skal á frekari vatnsvinnslumöguleika í Svínadalsmynni verður fyrst fyrir að nefna Súluáraura þ.e. árkeiluna, sem nær frá Laxá upp í mynni Súludals. Keila þessi hefur myndast úr framburði Súluár og er gerð úr möl og grjóti. Hún er vel vatnsleiðandi. Þannig hverfur mikið vatn úr ánni í þessar eyrar og rennur um þær neðanjarðar fram í Laxá.

Borun í Súluáreyrar gætu gefið góða raun.

Nánari jarðfræðileg rannsókn getur skorið fyllilega úr um það, hve mikið vatn er þarna að fá.

FRAMHLAUP HJÁ EFRA-SKARDI

Ofan við bæinn að Efra-Skarði er vestari hluti framhlaups þess, sem fellur úr Skarðshyrnunni eins og fyrr er greint. Þessi hluti er öllu stærri en sá hlutinn, sem féll niður í Skarðsdal eða um 2 km^2 . Það er hins vegar þéttara og verr vatnsleiðandi.

Upp undir Skarðshyrnunni eru nokkur smávötn eins og títt er á fram-hlaupum. Hér og þar eru í henni smálindir en lækir renna um hana. Stærstu lækirnir sem eiga upptök í þessu framhlaupi eru gamli bæjar-lækurinn á Efra-Skarði. Hann mældist um 10 l/sek þann 1. mars 1977 við bæinn. Hann á upptök sín í lindum hátt uppi í framhlaupinu rétt neðan við stærsta vatnið í 400-500 m y.s. Vera má hagkvæmt að virkja lindir þessar. Annar mesti lækurinn rennur um framhlaupið austanvert og fellur í Skarðsána nokkru ofan Svartalækjar. Hann dregur að sér vatn úr mörgum smálindum á við og dreif uppi í fjalli og er óhentugur til virkjunar.

Lokaorð

Svo sem sjá má af þessari umsögn, teljum við lindirnar hjá Tungu álit-legan virkjunarstað, sem fremur auðvelt mun vera að virkja og lítil hætta á vatnsþurrð. Einnig mun vera tiltölulega auðvelt að afla við-bótavatns, ef þörf krefur, svo sem í lindunum ofan Efra-Skarðs eða úr aurkeilunum við Súlá og Grjótá. Eskilegt væri að rannsaka nokkuð nánar lindirnar við Tungu og næsta nágrenni þeirra með tilliti til hagstæðustu virkjunarlausnar á þeim og nauðsynlegra verndunaraðgerða. Jarðkönnunardeild Orkustofnunar væri fús til að taka að sér ráðgjafar-starfsemi í þeim málum í samvinnu við verkfræðinga Járnblandifélagsins.

English summary

The spring area at Tunga in Svinadalur valley is located in the lowest part of a large rockslide. Some thousands years ago great volume of rocks has fallen from the mountainpeak of Skarðshyrna and rushed down to the valley in two main streams. The rocks from the SW-side of the peak fell down the mountainside above the farm Efra-Skarð. The rocks from the SE-side fell down to the mountainvalley Skarðsdalur and went on through its opening down to Svinadalur valley and ceased above the farm Tunga.

Hydrological characteristics of rock-slides are very varialbe. They dependes manily on their size and the distribution of their grain size. The coarser the rockslide is the better is its permeability and more water can penetrate through it. The rockslide of Tunga seems to have a good permeability. No surface water exists there besides the intermittent stream Skarðsá, that flows in its channel through the slide.

Skarðsdalur is the drainage area of Skarðsá and the springs of Tunga. It is 5,5 km², sitting in 300-1000 m a.s.l. According to a presipitation map of Iceland (Sigfúsdóttir, A.B. 1968), 1200 mm/year presipitation is supposed in this area. This is thought to be a minimum value. This makes 210 l/sec. flow from the area on the average. The presipitation oscillates very much. Weeks and months can last in the winters without any addition to the groundwater. In the same way the waterflow from the valley alternates from time to time as easily can be seen in the river Skarðsá. In winters it's often almost dry but in springs it turns to a big stream. The waterflow of the springs does not oscillate as much because of the storage capasity of the rock slide. The neighbouring farmers think the springs never dry up and yield mesurements indicate sufficient flow.

The yield mesurements from the springs of Tunga have only been performed for one month, therefore they only give very limited informations about the general character of these springs. However this month (feb. 77) happens

to bee the time of the lowest groundwater level in SW-Iceland fore decades. Therefore it is a good reason to think that the springs were in minimum too. If this is right, it can be concluded, that an estimate of 30 l/sec is a minimum flow at all usual and even at rather unusual conditions as in the winter 1976-1977. However it should bee kept in mind that the summer of 1976 was unusually wet and in the early winter the rockslide was rich in water. This has helped to feed the springs through the dry and frosty winter.

Additional water could be available in the alluvial fan of Súluá two km east of Tunga. The alluvial fan is thought to bee a good groundwater reservoir. Watermining there needs most likely drillholes.

RENNSLISMÄLINGAR Á LINDUNUM VIÐ TUNGU Í SVÍNALD.

(Yieldmeasurements on the springs at Tunga in Svínadalur).

Rennslismælingarnar voru framkvæmdar af starfsmönnum íslenska járnblendifélagsins á tímabilinu 3. feb. - 8. mars 1977. Mælt var rennsli um V-laga stíflu sem komið hefur verið fyrir í Svartalæk við móti hans og Skarðsár.

| Dagur. (Date) | Vatnsmagn. (Waterflow) |
|------------------|---------------------------|
| 3. febrúar. | 34,7 l/sek |
| 4. - | 34,4 - |
| 7. - | 34,4 - |
| 8. - | 34,0 - |
| 9. - | 34,7 - |
| 10. - | 36,4 - |
| 11. - | 36,0 - |
| 14. - | 35,0 - |
| 15. - | 35,4 - |
| 17. - | 36,4 - |
| 18. - | 38,1 - |
| 21. - | 36,7 - |
| 23. - | 36,0 - |
| 25. - | 37,0 - |
| 28. - | 35,4 - |
| 1. mars. | 35,0 - |
| 3. - | 37,0 - |
| 4. - | 41,8 - |
| 7. - | 67,0 - |
| 8. - | >100 - |

3. mars gerði fyrstu þíður um margra vikna skeið. Jókst þá strax vatnsmagnið í svartalæk. Aukningin þar stafar í og með af yfirborðsrennsli af svellbólstrum umhverfis lækinn.

File: 324

RANNSÓKNASTOFNUN ÍÐNAÐARINS
Industrial Research & Development Institute
Keldnacholt - Reykjavík

Bréf nr. i-90

Reykjavík, 22. febrúar 1977

RANNSÓKN NR. E 77/31

Sýnishorn Neyzluvatn

Merki: Tunga

Greiðandi: Íslenska Járnblandifélagið
Lágmúla 9, Reykjavík

Móttakið: 11.2. 1977

Aðrar upplýsingar

Sendandi: Guðlaugur Hjörleifsson

Reiðn. nr.: 3952

Verð: 4.200.00

| | | |
|------------------------------------|------|------|
| Sýrustig, pH | | 7.38 |
| Klórið, Cl ⁻ | mg/l | 8.5 |
| Harka, CaCO ₃ | - | 11.1 |
| Permanganattala, KMnO ₄ | - | 1.96 |
| Steinefni, uppleyst | - | 46.4 |

Permanganattala er lág, sem er hagstætt fyrir neyzluvatn. Vatnið inniheldur lítið af klóriði og öðrum uppleystum efnum. Klórið, harka og uppleyst steinefni eru langt fyrir neðan það hámark, sem sett eru í vatnsstöðlum (European Standards for Drinking Water; World Health Organization 1970 og U.S. Public Health Service Drinking Water Standards; 1962).

| |
|---------------------------------|
| ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFELAGIÐ I.F. |
| MÓTTEKID |
| 24. febr. 1977 |
| ANALYST: GL |
| STAVARD |

Rannsóknastofnun ÍÐNAÐARINS
Guðni Ólafsson

MATVÆLARANNSÓKNIR RÍKISINS

GERLARANNSÓKNIR

SÍMI: 20240

Reykjavík, 21/2, 1977

324

Vatn

Sýnishorn nr. M2-77-414

Mótteldið: 17/2, 1977

Sendandi: Íslenska Járnblandifélagið, c/o Guðlaugur Hjörleifsson, yfirverkfri.
Lágmúla 9, Rvík.

Aðrar upplýsingar: Neysluvatn.

| Nr. | Merki | Coligerlar í 100 cm³ M.P.N. | | | Salmo-nella-prófen | Gerlafjöldi í 1 cm³ | | | |
|-----|--|-----------------------------|---------|-------|--------------------|---------------------------|--------------------------------|---------|--|
| | | Forþrófi | E. coli | Insel | | Agar v. 37° í 48 list. | Agar/Gelatín v. 22° í 48 list. | | |
| | | | | | | | Agar | Gelatín | |
| 414 | Neysluvatn 17/2 Vatnið telst nothaft. | O | | | pH | 7.2 | 28 | 530 90 | |
| | | | | | | | | | |

| | |
|--------------------------------|--|
| ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ HF. | |
| MÓTTEKID | |
| 25. febr. 1977 | |
| AFGREITI TIL | |
| SVA. AD | |

